



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 8. júní 2021
VEL2021060009
SFS2019090155

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um innleiðingu árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustufarfir (Ísak):

Lagt er til að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustuförfum þeirra barna sem þarfnast stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis rætt um að nauðsynlegt sé að gera árangursmælingar á sérkennslu. Í sérkennslu eru um 30% af grunnskólabörnum en enginn veit neitt hvernig sérkennslan er að skila sér til barnanna. Börn kunna einnig að vera að fá mismunandi þjónustu eftir því hvar þau búa. Allt of langur tími hefur farið hjá þessum meirihluta í að koma því á blað að mæla þarf árangur. Sérkennarar eru ofhlaðnir og undir

miklu álagi. Í þeirra hópi eru börn ekki aðeins með námserfiðleika af ýmsu tagi og á ýmsum stigum heldur einnig með hegðunarvanda/raskanir. Þetta tvennt fer vissulega stundum saman en alls ekki alltaf. Barn sem ekki fær viðeigandi aðstoð við vanda sínum tapar fljótlega sjálfstrausti sínu og sjálfsöryggi og þá aukast líkur þess að birtingarmyndir þess sýni sig í hegðun og atferli. Annað áhyggjuefni er læsis barna og lesskilningur en eins og ítrekað kemur fram í könnunum eru um stór hópur barna sem útskrifast úr grunnskóla sem ekki lesa sér til gagn né gamans. Þessi hópur hefur farið stækkandi með hverju ári. Löngu tímabært er að meta með kerfisbundnum hætti árangur með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs



Helgi Grímsson

sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak) um innleiðingu árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur, ásamt fylgigögnum.